



1. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, þriðjudaginn 6. júní, 2023 kl. 16:30.

Mætt eru Anton Helgi Guðjónsson, Hjördís Þráinsdóttir, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Axel Sveinsson, Páll Janus Þórðarson, Magnús Þór Bjarnason, Daniel Badu og Dagný Finnbjörnsdóttir ritar fundargerð.

1. Störf HSV og stjórnar

Anton Helgi Guðjónsson var kosin formaður HSV á þinginu 24. maí sl.

Farið yfir dagleg störf HSV og hvert hlutverk HSV er. Jafnframt var farið yfir hlutverk stjórnarmanna og hvaða hlutverk hver og einn stjórnarmaður hefur skv. skilgreiningu á störfum stjórnar.

Stjórn skipti með sér verkum og var Ingibjörg Elín Magnúsdóttir kosinn varaformaður, Hjördís Þráinsdóttir gjaldkeri og Páll Janus Þórðarson ritari.

2. Íþróttaskóli HSV

Ný stjórn HSV og nýr yfir þjálfir HSV ræddu komandi sumar og var farið yfir næsta vetur, áhersla verður lögð á að halda vel utan um skráningu iðkenda sem taka þátt í íþróttaskólanum.

3. Kynning í Gí

Framkvæmdastjóri segir frá því að fimmtudaginn 8. Júní muni hún ásamt yfirþjálfara taka þátt í vorskóla grunnskólans á Ísafirði, þar mun starfsemi og íþróttaskóli HSV vera kynntur fyrir foreldrum verðandi nemenda í fyrsta bekk.

4. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar rennur út 31. desember nk. Ísafjarðarbær sendi bréf til stjórnar HSV sem var fjallað um. Sviðsstjóri og bæjarstjóri hafa boðað stjórn HSV á fund og mun stjórn upplýsa formenn um hvernig málin þróast.
- *Hér er hæg að lesa erindi sem barst stjórn.*

Ísafjörður, 6. júní 2023
2023060026

Efni: Endurskoðun samstarfssamnings HSV og Ísafjarðarbæjar

Í lok árs 2023 rennur út núgildandi samstarfssamningur á milli Ísafjarðarbæjar og Héraðssambands Vestfirðinga. Ísafjarðarbær vill endurskoða nokkur ákvæði samningsins í samvinnu við HSV og óskar jafnframt eftir afstöðu stjórnar HSV til eftirfarandi:

1. Á staða framkvæmdastjóra HSV að vera með sama hætti og áður eða vill HSV að stöðugildið færist yfir til Ísafjarðarbæjar? Hverju mun nýtt stöðugildi í svæðisráði ÍSÍ breyta fyrir HSV?
2. Ísafjarðarbær hyggst aðeins eiga félagslegt húsnæði og stendur til að selja aðrar eignir í eigu sveitarfélagsins. Þetta myndi þýða að íbúðirnar í eigu Ísafjarðarbæjar, sem HSV hefur afnot af, stæðu ekki lengur til boða. Sér stjórn HSV einhverjar aðrar leiðir færar fyrir sveitarfélagið til að styðja við íþróttahreyfinguna? Óskað er eftir tillögum.
3. Vill stjórn HSV halda áfram með Afreksform og 10-12 ára þjálfun í óbreyttri mynd? Ef ekki er stjórn HSV með aðrar hugmyndir að útfærslum?

Ef stöðugildi framkvæmdastjóra HSV myndi færist yfir til Ísafjarðarbæjar myndi umsjá með íþróttaskólanum og mannahald færist yfir sömuleiðis. Stjórn HSV yrði þá laust við mannauðsmál. Samskipti íþróttafélaga færi þá beint til Ísafjarðarbæjar en ekki til stjórnar HSV. Ítrekað skal að ekki stendur til að taka neina ákvörðun einhliða af hálfu Ísafjarðarbæjar og er mikilvægt að skoðun stjórnar HSV komi fram. Allar hugmyndir sem geta einfaldað starf sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni eru vel þegnar.

Virðingarfyllt,

Hafís Gunnarsdóttir
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs

5. Önnur mál:

- Framkvæmdastjóri hefur unnið að því að uppfæra upplýsingarit HSV, biður stjórnarmenn um að renna yfir heftið og koma með athugasemdir um úrbætur séu þær einhverjar.
- Framkvæmdastjóri fer yfir erindi sem stjórn HSV mun senda til Íþróttta og tómstundaneftndar að beiðni formannafundar. Erindið er tilbúið.